# Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

02 361

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ 2
Yfirlit um afkomu ársins ........................................................................ 3
Efnahagsreikningur ................................................................................ 4
Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................. 5
Skýringar ............................................................................................... 6

**Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu**
**kt. 4910872509**
**Nýheimum , 780 Höfn í Hornafirði**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er ríkisaðili í A hluta. Skólinn er framhaldsskóli. Býður bæði upp á bóknám og verknám.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 233,5 milljónir og afkoma kr. 4,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 33,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 47,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hornafjörður 8.7.'19

Staður, dags.

Eyjólfur Guðmundsson

Skólameistari

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 219.076.643 | 193.480.914 |
| Aðrar tekjur | 4 | 3.936.750 | 3.178.804 |
| Seld þjónusta | 5 | 2.121.000 | 770.375 |
| Vörusala | 6 | 1.102.585 | 1.516.894 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 7 | 4.308.833 | 3.843.528 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 2.997.575 | 2.835.927 |
| **Tekjur samtals** | | 233.543.386 | 205.626.442 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 8 | 178.268.013 | 162.223.723 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 47.830.900 | 42.480.736 |
| Afskriftir | 10 | 2.997.575 | 2.835.927 |
| **Gjöld samtals** | | 229.096.488 | 207.540.386 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnslið** | | 4.446.898 | (1.913.944) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 7.621 | 11.443 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (5.081) | 7.575 |
| | | 2.540 | 19.018 |
| **Afkoma ársins** | | 4.449.438 | (1.894.926) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | 4.449.438 | (1.894.926) |
| Rekstrartilfærslur | | 0 | 0 |
| Fjármagnstilfærslur | | 0 | 0 |
| | | 4.449.438 | (1.894.926) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 10.377.130 | 9.059.276 |
| Aðrar eignir | | 90.000 | 90.000 |
| | | 10.467.130 | 9.149.276 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 10.467.130 | 9.149.276 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 12 | 261.501 | 16.500 |
| Tengdir aðilar | 13 | 20.545.671 | 17.133.772 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 14 | 182.808 | 19.348 |
| Handbært fé | 15 | 16.267.153 | 13.677.890 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 37.257.133 | 30.847.510 |
| **Eignir samtals** | | 47.724.263 | 39.996.786 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 16 | | |
| Hrein eign | | 33.085.735 | 28.636.297 |
| **Eigið fé samtals** | | 33.085.735 | 28.636.297 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 17 | 44.237 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 18 | 452.509 | 433.698 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 19 | 2.090.081 | 1.777.515 |
| Næsta árs afborganir | | 0 | 0 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 20 | 12.051.701 | 9.149.276 |
| | | 14.638.528 | 11.360.489 |
| **Skuldir samtals** | | 14.638.528 | 11.360.489 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 47.724.263 | 39.996.786 |

**Aðrar upplýsingar** 21

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 4.449.438 | (1.894.926) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 10 | 2.997.575 | 2.835.927 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (2.997.575) | (2.835.927) |
| | | 4.449.438 | (1.894.926) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | (408.461) | 102.738 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 331.377 | (371.596) |
| | | (77.084) | (268.858) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 4.372.354 | (2.163.784) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 11 | (4.315.429) | (2.719.086) |
| | | (4.315.429) | (2.719.086) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (3.367.662) | (593.994) |
| Fjárfestingarframlag | | 5.900.000 | 2.719.086 |
| | | 2.532.338 | 2.125.092 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.589.263 | (2.757.778) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 13.677.890 | 16.435.668 |
| **Handbært fé í árslok** | | 16.267.153 | 13.677.890 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

## 3 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 224.976.643 | 196.200.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | (5.900.000) | 0 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 219.076.643 | 193.480.914 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 2.997.575 | 2.835.927 |
| | 222.074.218 | 196.316.841 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 203.800.000 | 0 | 0 | 203.800.000 |
| Launbætur | 4.400.000 | 0 | 0 | 4.400.000 |
| Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (5.900.000) | 0 | 0 | (5.900.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 16.776.643 | 0 | 0 | 16.776.643 |
| **Fjárveiting til tekna** | **219.076.643** | **0** | **0** | **219.076.643** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (214.627.205) | 0 | 0 | (214.627.205) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **4.449.438** | **0** | **0** | **4.449.438** |

## 4 Aðrar tekjur

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Sala á vöru og þjónustu | 3.936.750 | 3.178.804 |
| | 3.936.750 | 3.178.804 |

## 5 Seld þjónusta

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 0 | 15.000 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 36.000 | 18.000 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 2.085.000 | 600.375 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 0 | 137.000 |
| | 2.121.000 | 770.375 |

## 6 Vörusala

| | | |
|---|---|---|
| Vörusala I | 1.102.585 | 1.421.894 |
| Vörusala II | 0 | 95.000 |
| | 1.102.585 | 1.516.894 |

## 7 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 639.352 | 157.500 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 3.583.981 | 3.598.434 |
| Ýmsar tekjur | 85.500 | 87.594 |
| | 4.308.833 | 3.843.528 |

# Skýringar

**8 Laun og launatengd gjöld**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 144.549.836 | 132.067.457 |
| Orlof, breyting | 933.610 | (111.177) |
| Launatengd gjöld | 32.610.388 | 30.123.871 |
| Starfsmannakostnaður | 174.179 | 143.572 |
| | 178.268.013 | 162.223.723 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 18,2 | 17,0 |

**Framlög og tilfærslur**

| **9 Annar rekstrarkostnaður** | **2018** | **2017** |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 527.063 | 574.621 |
| Byggingarvörur, almennar | 0 | 0 |
| Ýmis tæki og áhöld | 79.804 | 513.235 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 16.890 | 19.170 |
| Orkugjafar | 623.111 | 705.954 |
| Matvæli | 348.621 | 770.894 |
| Almennar rekstrarvörur | 120.797 | 21.598 |
| Vörukaup, almenn | 1.716.286 | 2.605.472 |
| Kennslu- og föndurvörur | 526.716 | 545.627 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 496.230 | 0 |
| Vörukaup, sérgreind | 1.022.946 | 545.627 |
| Fundir, námskeið, risna | 992.845 | 441.873 |
| Ferðir, uppihald | 4.445.491 | 4.698.021 |
| Akstur | 2.192.566 | 1.457.647 |
| Sérfræðiþjónusta | 9.676.700 | 8.018.268 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 108.728 | 118.813 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.329.337 | 517.657 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 318.749 | 209.813 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 19.064.416 | 15.462.092 |
| Afnotagjöld | 2.175.849 | 1.811.325 |
| Leigugjöld | 2.802.495 | 1.384.100 |
| Verkkaup | 2.372.827 | 2.947.222 |
| Kostnaðarhlutdeild | 15.972.672 | 15.707.088 |
| Opinber gjöld | 97.500 | 24.150 |
| Tilfærslur | 64.880 | 74.500 |
| Tapaðar kröfur | 0 | 90.659 |
| Veittur afsláttur | 0 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 23.486.223 | 22.039.044 |
| Vörukaup I | 2.541.029 | 1.828.501 |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting | 2.541.029 | 1.828.501 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 47.830.900 | 42.480.736 |

# Skýringar

| 10 Afskriftir | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 2.878.601 | 2.705.530 |
| Lækninga- og rannsóknartæki | 118.974 | 130.397 |
| | 2.997.575 | 2.835.927 |

| 11 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 10.377.130 | 9.059.276 |
| Aðrar eignir | 90.000 | 90.000 |
| | 10.467.130 | 9.149.276 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 21.578.654 | 0 | 90.000 | 21.668.654 |
| Viðbætur á árinu | 4.315.429 | 0 | 0 | 4.315.429 |
| | 25.894.083 | 0 | 90.000 | 25.984.083 |
| Afskriftir 1.1.2018 | 12.519.378 | 0 | 0 | 12.519.378 |
| Afskrift ársins | 2.997.575 | 0 | 0 | 2.997.575 |
| | 15.516.953 | 0 | 0 | 15.516.953 |
| Staða 31.12.2018 | 10.377.130 | 0 | 90.000 | 10.467.130 |

**12 Viðskiptakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 261.501 | 16.500 |
| | 261.501 | 16.500 |

**13 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 19.254.023 | 15.831.361 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 0 | 10.763 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 1.291.648 | 1.291.648 |
| | 20.545.671 | 17.133.772 |

**14 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 0 | 0 |
| Skattar | 182.808 | 19.348 |
| | 182.808 | 19.348 |

## Skýringar

**15 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 16.267.153 | 13.293.159 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 0 | 384.731 |
| | 16.267.153 | 13.677.890 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 10,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

**16 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 28.636.297 | 29.239.575 |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 1.291.648 |
| Afkoma ársins | 4.449.438 | (1.894.926) |
| Jöfnuður 31.12. | 33.085.735 | 28.636.297 |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 1,3 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

**17 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 44.237 | 0 |
| | 44.237 | 0 |

**18 Viðskiptaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 452.509 | 433.698 |
| | 452.509 | 433.698 |

**19 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 2.114.081 | 1.180.471 |
| Ógreidd laun | 0 | 165.050 |
| Önnur ógreidd gjöld | (24.000) | 431.994 |
| Skattar | 0 | 0 |
| | 2.090.081 | 1.777.515 |

**20 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 10.467.130 | 9.149.276 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 1.584.571 | 0 |
| | 12.051.701 | 9.149.276 |

## Skýringar

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 9.149.276 | 0 | 9.149.276 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | | 5.900.000 | 5.900.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4.315.429 | (4.315.429) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (2.997.575) | 0 | (2.997.575) |
| | 10.467.130 | 1.584.571 | 12.051.701 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

**21 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2020 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu þriggja ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 3 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 18,3 milljónum.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

*Óafturkallanleg loforð*

*Á ekki við*

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

*Á ekki við*

# Staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2018

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2018 staðfestum við undirritaðir stjórnendur

**02 361 Framhaldsskólinn í Austur-Skftafellssýslu**

að eftirfarandi er samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

1. Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

2. Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald stofnunarinnar. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum stofnunarinnar.

3. Að útgjöld stofnunarinnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

4. Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

5. Allar eignir stofnunarinnar koma fram í efnahagsreikningi, þmt í eignaskrá. Stofnunin hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst hefur verið um.

6. Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

7. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

8. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum stofnunarinnar í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.

9. Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga stofnunarinnar.

10. Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

11. Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í lok árs 2018.

12. Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn stofnunarinnar, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

Hornafjörður 8.7. 2019
**Staður og dagsetning**

Eyjólfur Guðmundsson
**Undirskrift**